

## REGLUR

### um breytingu á reglum nr. 611/2009 um stjórnskipulag hug- og félagsvísindasviðs Háskólans á Akureyri.

#### 1. gr.

Í 2. málsgrein 2. gr. fellur niður orðið „skólaþróunarsviðs“ og í staðinn kemur: miðstöðvar skólaþróunar.

#### 2. gr.

Í 2. málsgrein 3. gr. fellur niður orðið „skólaþróunarsviðs“ og í staðinn kemur: miðstöðvar skólaþróunar.

#### 3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. reglnanna:

- A Í yfirskrift greinarinnar falla niður orðin „og svið.“
- B 2. málslíður greinarinnar: „Undir fræðasviðið fellur skólaþróunarsvið Háskólans á Akureyri“ fellur niður.
- C Í 2. málsgrein greinarinnar falla niður orðin „skilgreinda gráðu“ og í staðinn kemur: tiltekna námsgráðu.

#### 4. gr.

6. gr. orðast svo:

*Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri.*

Við hug- og félagsvísindasvið er starfrækt miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri. Viðfangsefni miðstöðvar skólaþróunar lúta að hvers konar þróunar- og umbótastarfi í skólum og ráðgjöf við kennara, stjórnendur skóla og annað fagfólk er starfar að fræðslumálum. Hún hefur forgöngu um að kynna kennurum nýjungar á sviði skóla- og kennslumála, stendur fyrir rannsóknum á skólastarfi, fræðslu, og heldur ráðstefnur.

Fagleg ábyrgð á starfsemi miðstöðvar skólaþróunar er á hendi forstöðumanns, sem ráðinn er af rektor eftir tillögu deildarfundar. Forstöðumaður skal hafa hlotið hæfnisdóm sem lektor, dósent eða prófessor á fræðasviði sem tengist starfsemi miðstöðvarinnar.

Við miðstöð skólaþróunar starfa sérfræðingar í menntavísindum. Þeir sinna ráðgjöf, þróunarverkefnum í skólum, námskeiða- og ráðstefnuhaldi og rannsóknum. Þeir geta sinnt kennslu við Háskólann á Akureyri og skal um það samið í hverju tilviki við forstöðumann miðstöðvarinnar að höfðu samráði við viðkomandi sérfræðing. Á sama hátt geta kennarar við Háskólann á Akureyri átt samstarf við miðstöð skólaþróunar vegna rannsóknar- og þróunarverkefna.

#### 5. gr.

3. málslíður 11. gr.: „Næsta endurskoðun skal gerð á fyrsta fræðasviðsfundi almanaksársins 2010“ fellur niður.

Við greinina bætist nýr málslíður: Endurskoðað með breytingum á fræðasviðsfundi 3. febrúar 2010.

#### 6. gr.

Reglur þessar sem samþykktar hafa verið í háskólaráði Háskólans á Akureyri eru settar á grundvelli laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla og reglna fyrir Háskólann á Akureyri nr. 387/2009. Reglurnar öðlast þegar gildi.

*Háskólanum á Akureyri, 9. mars 2010.*

**Stefán B. Sigurðsson** rektor.